

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 131/172*  
*komudagur 24.11.2004*

Borgarnesi 18.11.2004

**B.t. Sjávarútvegsnefndar**

## **UMSÖGN**

### **Erindi: Tillaga til þingsályktunar um rekstur skólaskips.**

Lofsverðir tónar klingja, í þverpólitískum aðstandendum þingsályktunartillögu þessarar. Það er sem fyrirtíðarspenna friðþægingarhátíðarinnar sé snemmbúin hringd inn, skömmur fyrir aðventu, með ástríðufullri trúlofun í huga og giftingu á jólum.

Félag kvótabátaeigenda leggur afdráttarlausu blessun sína yfir þennan hjúskap, en gengur ekki á neinn hátt í guðföður-hlutverk væntanlegs afkvæmis, nema að viðhengi fái á tillöguna.

Það er, “að ungmenni 16-23 ára, með skipstjórnarréttindi, vélgæsluréttindi og haffæri á báta sína, sé tryggð frjáls handfæra og gildrusókn og/eða kvóti, til að spreyta sig á í greininni...”

Óbreytt tillagan, ein og sér, birtist okkur þannig, að verið sé að rétta barninu “sleikjó”, rífa hann útúr því og afhenda öðrum, sem óvart og altjént óvart, átti einkarétt á sleiknum, vegna þess að vitlaust var gefið.


Það er ljótur leikur.....

**Virðingarfyllst,**

**F.h. Félags kvótabátaeigenda**

Hermann Björn Haraldsson, form.

Sign.



Nefndasvið Alþingis  
Sjávarútvegsnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

# HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Alþingi

Erindi nr. Þ 131/167  
komudagur. 23.11.2004

Reykjavík, 22.11.2004  
Tilv. 90.13  
JS/sv

## Málefni: Tillaga til þingsálykunar um rekstur skólaskips, 131. löggj. þing 2004-2005, 29. mál.

Vísað er í erindi sjávarútvegsnefndar Alþingis dags. 8. nóvember 2004 um ofangreint málefni.

Frá árinu 1988 hafa Hafrannsóknastofnunin og Fiskifélag Íslands annast fyrir hönd sjávarútvegsráðuneytisins verkefni um borð í rannsóknaskipinu Dröfn þar sem skólabörnum 9. og 10. bekkjar grunnskóla um land allt hefur verið veitt innsýn í sjávarútveg og vistkerfi hafsins. Hafrannsóknastofnunin telur að mjög vel hafi tekist til með skólaskipsverkefnið á undanförunum árum og að með því hafi tekist að fræða skólanemendur um sjávarútveg og lífríki sjávar á lifandi og áhugaverðan hátt.

Verkefnið hefur verið kostað af fjárveitingu frá Alþingi og framlagi frá sjávarútvegsráðuneytinu (um 5-7 milljónir frá hvorum aðila) en auk þess hefur Hafrannsóknastofnunin árlega lagt fram verulegar fjárhæðir með verkefninu eins og útskýrt er hér að neðan.

Fjöldi úthaldsdaga rs. Drafnar vegna verkefnisins hafa verið um 60 á undanförunum árum. Árlegar greiðslur til stofnunarinnar vegna þessa verkefnis hafa verið 8 til 9 millj.kr. eða sem samsvarar um 150 þús.kr á hvern úthaldsdag verkefnisins. Meðal kostnaður á úthaldsdag skipsins á þessum árum. hefur hins vegar verið um 500-550 þús. kr. Að teknu tilliti til þess að kostnaður í kennsluleiðöngrum er töluvert minni en í öðrum leiðöngrum og svo til þessi hagræðis sem hlaust af aukningu úthaldsdaga vegna verkefnisins má ætla að kostnaður stofnunarinnar hafi verið um 300 þús. kr. á úthaldsdag. Til viðbótar komu síðan aukagreiðslur til tveggja starfsmanna stofnunarinnar vegna kennslunnar um borð sem námu um 12 þús.kr. á dag. Ljóst er því að Hafrannsóknastofnunin hefur á undanförunum árum lagt fram verulegar fjárhæðir til þess að af skólaskipsverkefninu gæti orðið.

Nýlega var tekin sú ákvörðun að selja rs. Dröfn og reka aðeins tvö rannsóknaskip þar sem stofnunin telur að með því móti nýtist betur fjármunir reksturs rannsóknaskipanna. Verði framhald á skólaskipsverkefninu virðist því ólíklegt að rs. Dröfn verði nýtt til þess og að aðkoma Hafrannsóknastofnunarinnar verði að nokkru önnur en verið hefur.

---

**Heimilisfang:**

Skúlagötu 4  
Pósthólf 1390  
121 Reykjavík

**Sími:**

552-0240

**Póstfax:**

562-3790

**Heimasíða:**

<http://www.hafro.is/>  
[hafro/sjalf.html](http://hafro/sjalf.html)

**Tölvupóstfang:**

[librarian@hafro.is](mailto:librarian@hafro.is)

Hafrannsóknastofnunin gerir ekki athugasemdir við framkomna tillögu og lýsir sig jafnframt reiðubúna til þess að koma með svipuðu sniði og verið hefur að þeirri kennslu sem að þar er fyrirhuguð. Hins vegar er sýnt að stofnunin getur ekki lengur lagt fjármagn til verkefnisins af eigin rekstrarfé og komi til framhalds þessarar starfsemi þarf að tryggja stofnuninni fjárveitingar til að standa undir þeim kostnaði sem af henni hlýst.

F. h. Hafrannsóknastofnunarinnar,

  
Jóhann Sigurjónsson

Alþingi  
Erindi nr. Þ 151/97  
komudagur 16.11.2004



KENNARAHÁSKÓLI  
ÍSLANDS

Reykjavík, 15. nóvember 2004  
0411027 sk


Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um rekstur skólaskips**

Kennaraháskóla Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um rekstur skólaskips, þskj. 29 – 29. mál.

Kennaraháskóli Íslands gerir engar athugasemdir við tillöguna en telur jákvætt að grunnskólanemum verði á þann hátt sem gert er ráð fyrir gefið tækifæri til að kynna lífríki sjávarins, fiskveiðum og störfum til sjós.

Virðingarfyllst,

  
Svanhildur Kaaber  
skrifstofustjóri, skrifstofu rektors

Stakkahlíð  
105 Reykjavík  
Sími: 563 3800  
Símbref: 563 3833  
www.khi.is

Alþingi  
Erindi nr. P 131/208  
komudagur 26.11.2004

Til sjávarútvegsnefndar Alþingis

LANDSSAMBAND  
smábátæigenda



24. nóvember 2004


Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS).  
Þingsályktun um rekstur skólaskips.  
Þskj. 29 - Mál nr. 29.

LS tekur heilshugar undir efni þingsályktunarinnar og mælir með að hún verði samþykkt. Rekstur skólaskips í því formi sem verið hefur er nauðsynleg tenging sjávarútvegsins við grunnskólann og með miklum ólíkindum að ef ekkert verður að gert muni verkefnið heyra sögunni til.

Þeir þættir sem grunnskólanemendum í 9. og 10. bekk hefur verið boðið upp á um borð í rannsóknarskipinu Dröfn RE hafa notið mikilla vinsælda. Nemendur fá þar nauðsynlega innsýn í sjávarútveginn, fiskveiðar og lífið í sjónum. Þannig fræðast þeir um það sem gerist á sjónum sem vekur hjá þeim margar spurningar. Úrvinnsla ferðarinnar fer svo fram í skólanum þar sem verkefnum er skilað. Við vinnslu þess jafnvel leitað í sjóði foreldra til að fá svör við því sem gerist áleitið. Þannig vakna umræður á heimilinu um sjávarútveginn sem nauðsynlegt er hjá þjóð sem á allt sitt undir öflugum sjávarútvegi.

Þá er það og skemmtilegt í þessari fræðsluferð að nemendur fá að eiga það sem aflast. Aflinn er þá ýmist borinn heim og snæddur að kveldi eða hann boðinn til sölu í næstu fiskbúð eins og undirritaður hefur orðið vitni að.

Virðingarfyllt

  
Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8 -10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóv. 2004

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rekstur skólaskips, 29 mál.

Samtök fiskvinnslustöðva eru hlynnt því og taka undir efni þingsályktunartillögunar að sjávarútvegsráðherra stuðli að því, að boðið verði upp á fræðsluferðir fyrir grunnskólanema um fiskveiðar, vinnulag til sjós o.fl. með sama eða svipuðum hætti eins og verið hefur undanfarin ár.

Virðingarfyllst,  
F.h. Samtaka fiskvinnslustöðva

Guðbergur Rúnarsson.

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 131/1855*  
*komudagur 10.5.2005*

SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ  
10. MAÍ 2005

## Minnisblað

**Til:** Formanns sjávarútvegsnefndar Alþingis  
Guðjóns Hjörleifssonar

**Frá:** Sjávarútvegsráðuneyti  
Huldu Lilliendahl

**Efni:** Skólaskipið Dröfn

Sjávarútvegsráðuneytið gerði hinn 25. febrúar 2005 samning við Gunnar Jóhannsson f.h. Sigurbjargar Jónsdóttur ehf. um að taka að sér siglingar með nemendur 9. og 10. bekkjar grunnskólanna á ms. Dröfn RE 35, en fyrirtækið hefur keypt skipið af Hafrannsóknastofnuninni.

Fyrirkomulag verkefnisins verður með sama hætti og áður að öðru leyti en því að fækka þarf siglingadögum úr 60 í 30 þar eð fjárframlag Alþingis var lægra en áður en einnig vegna minni aðkomu Hafrannsóknastofnunarinnar að verkefninu. Hafrannsóknastofnunin mun áfram annast fræðslu um borð um lífríki sjávar og Fiskifélag Íslands annast skipulagningu, skráningu og kynningu á verkefninu.

Verkefnið hófst aftur í apríl sl. eftir nokkurt hlé og hafa þegar verið farnar ferðir í 10 siglingadaga. Haustsiglingin mun hefjast í október nk. og er gert ráð fyrir 20 siglingadögum þá.

Samningurinn tekur til allt að 30 siglingadaga á árinu 2005 og verður endurskoðaður að haustsiglingum loknum.



# Skólastjórafélag Íslands

Sími/Tel 595 1111 Bréfsími/Fax 595 1112 Netfang [sk@kl.is](mailto:sk@kl.is)

Kennarahúsinu

Laufásvegi 81

101 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 131/236  
komudagur 29.11.2004

Reykjavík 24. nóv. 2004.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

## Varðandi þingsályktunartillögu um skólaskip, 29. mál.

Á fundi Skólastjórafélags Íslands sem haldinn var þriðjudaginn 23. nóvember var eftirfarandi bókað.

“Önnur mál.


- a) Erindi frá Alþingi.  
Óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um rekstur skólaskips.

Stjórnin tekur heils hugar undir tillöguna og greinagerðina sem henni fylgir.”

Virðingarfyllst  
f.h. Skólastjórafélag Íslands.

Skólastjórafélag Íslands

Kt. 441287-2599

  
Jón Ingi Einarsson, starfsmaður.





Nefndasvið Alþingis,  
Sjávarútvegsnefnd,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík.

Reykjavík 24. nóvember 2004

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar, um rekstur skólaskips, mál 29.

Tillagan gerir ráð fyrir því að Alþingi feli sjávarútvegsráðherra að hlutast til um að aftur verði boðið upp á fræðsluferðir fyrir grunnskólanema um fiskveiðar og annað það sem lýtur að lífríki sjávarins og tengist nýtingu þess.

Í greinargerð með tillögunni er farið að nokkru yfir forsögu þessarar starfsemi og getið starfsemi Drafnar, skips Hafrannsóknastofnunarinnar, sem undangengin ár hefur sinnt þessu hlutverki og tók við því eftir að skólaskipið Mímir fórst 28. október 1991.

Í lok greinargerðarinnar er farið yfir skipulag hvernar ferðar þ.e. á hvað er lögð áhersla í þessum ferðum og hvaða skilaboðum þær eiga að koma til æsku þessa lands.


Í nefndri upptalningu er þess saknað að ekkert skuli vera fjallað um seglin og þann búnað sem þeim tilheyrir nú ef þau eru ekki nýtt til framdriftar skipsins þá árárnar og ræðarana.

Að öllu gamni slepptu þá er það nokkuð einföld kynning á skipi og búnaði þess ef sleppa á öllum vélbúnaði þess þ.e. hvað er það sem knýr skipið áfram, hvaðan kemur rafmagnið sem notað er um borð? Af hverju snúast vindurnar sem draga trollið inn? Hvað gerist þegar skipstjórinn beitir rafmagnsstýrinu.

Um þetta og fjölmargt fleira sem lýtur að rekstri tæknivædds skips telur VSFÍ að upplýsa beri æsku þessa lands þannig að hún fái það ekki á tilfinninguna að allt þetta gerist nú bara af sjáfu sér með líkum hætti og þeir sem borða niðursoðnar kjötvörur í stað nýrra vegna þess að þeir vilja ekki deyða blessuð dýrin.

Vélstjórafélag Íslands styður tillögunna með þeirri viðbót að yfirvélstjóra viðkomandi skips verði falið að upplýsa nemendurna um það helsta í gangverki þess.

Virðingarfyllt,  
f.h. Vélstjórafélags Íslands

  
-----  
Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!